

Minnisblað

Frá: Ríkisskattstjóra
Til: Atvinnuveganefndar Alþingis
Dags.: 2. maí 2016

Efni: Upplýsingar um álagningu virðisaukaskatts á aðila með veltu á bilinu 0 – 4 millj. kr.

Á fundi atvinnuveganefndar Alþingis 28. apríl 2016 óskuðu nefndarmenn upplýsinga um álagningu virðisaukaskatts á aðila sem talið hafa fram veltu á bilinu 0 – 4 millj. kr., sundurliðað eftir því hvort veltan er á bilinu 0 – 1 millj. kr., 1 – 2 millj. kr., 2 – 3 millj. kr. og 3 – 4 millj. kr. Umbeðnar upplýsingar koma fram á meðfylgjandi töflum og taka þær til álagningar fyrir árin 2013, 2014 og 2015. Taflan sýnir einnig fjölda skráðra aðila í hverjum flokki fyrir sig. Í þeim samanburði er ekki tekið tillit til þess hvort aðilar eru skráðir með skil einu sinni á ári eða samkvæmt almennum skilum á tveggja mánaða fresti en búast má við að aðilum í ársskilum fjölgi um 7-800 verði lögfest 2. gr. þeirra frumvarpsdraga sem til umfjöllunar voru á ofangreindum fundi. Þá eru ekki taldir aðilar sem sætt hafa áætlun eða eru skráðir frjálsri skráningu á grunnskrá virðisaukaskatts, sérstakri skráningu, fyrirfram skráningu eða aðilar í nytjaskógrækt.

Fyrir árið 2015 eru helstu niðurstöður þær að heildarfjöldi aðila með veltu á bilinu 0 – 4 millj. kr. var 14.424. Af þeim voru 2.908 með neikvæð skil, 7.119 með jákvæð skil, þ.e. útskatt umfram innskatt. 4.397 aðilar voru með enga álagningu, þ.e. töldu fram einungis undanþegna veltu eða veltu og útskatt jafn háan innskatti. Fjöldi þeirra sem taldi hvorki fram veltu né útskatt og innskatt var aftur á móti 4.307 á árinu 2015 og er unnið að því að kanna stöðu þeirra aðila á grunnskrá virðisaukaskatts.

Nettó-álagning hinna 14.424 aðila á árinu 2015 nam 108,8 millj. kr., þ.e.a.s. að álagning þeirra sem töldu innskatt umfram útskatt nam -1,53 ma. kr. en álagning þeirra sem töldu fram útskatt umfram innskatt nam 1,64 ma. kr. Fram talin skattskyld velta nam 13,85 ma. kr., undanþegin velta 845,8 millj. kr. og heildarvelta því alls 14,7 m.a. kr., þar af 5,2 ma. kr. hjá aðilum með veltu á bilinu 0 – 2 millj. kr. Athygli vekur að álagning aðila með veltu á bilinu 0 – 1 millj. kr. nam á árinu 2015 -903,4 millj. kr. en ef frá eru taldir aðilar sem hófu rekstur á árinu 2015 og hafa því e.t.v. þurft að kosta miklu til í byrjun rekstrarins næmi álagning aðila í þessum flokki -393,5 millj. kr., eða sem munar tæplega 510 millj. kr.

Á árinu 2015 töldu 843 aðilar fram veltu eingöngu í herra skatthlutfalli virðisaukaskatts en 6.689 töldu fram veltu eingöngu í lægra skatthlutfallinu. Þá töldu 5.187 aðilar fram veltu undanþegna virðisaukaskatti en enga skattskylda veltu, þar af voru 5.117 með veltu á bilinu 0 – 1 millj. kr.

F.h. ríkisskattstjóra


Elfa Alma Arthúrsdóttir


Óskar H. Albertsson

2015	Fjöldi 0-1 m.kr.	Fjöldi 1-2 m.kr.	Fjöldi 2-3 m.kr.	Fjöldi 3-4 m.kr.	Samtals
Fjöldi	8.770	2.394	1.850	1.410	14.424
Fjöldi endurgr.	1.889	460	336	223	2.908
Fjöldi greitt	2.511	1.916	1.508	1.184	7.119
Fjöldi núll	4.370	18	6	3	4.397
Álagning alls	-903.367.187	210.659.084	362.517.418	439.044.459	108.853.774
Fjárhæð endurgr.	-1.074.356.026	-180.183.055	-148.721.134	-129.071.049	-1.532.331.264
Fjárhæð greitt	170.988.839	390.842.139	511.238.552	568.115.508	1.641.185.038
Skattskyld velta alls	1.576.725.883	3.322.020.175	4.365.918.080	4.589.164.204	13.853.828.342
Undanþegin velta alls	90.120.725	197.143.259	245.732.115	312.863.365	845.859.464
Heildarvelta alls	1.666.846.608	3.519.163.434	4.611.650.195	4.902.027.569	14.699.687.806
Velta lægra þrep eingöngu	332	185	191	135	843
Velta hærra þrep eingöngu	2.791	1.727	1.255	916	6.689
Undanþegin velta eingöngu	5.117	37	19	14	5.187

2014	Fjöldi 0-1 m.kr.	Fjöldi 1-2 m.kr.	Fjöldi 2-3 m.kr.	Fjöldi 3-4 m.kr.	Samtals
Fjöldi	8.965	2.658	1.899	1.366	14.888
Fjöldi endurgr.	2.110	618	422	279	3.429
Fjöldi greitt	2.595	2.016	1.465	1.077	7.153
Fjöldi núll	4.260	24	12	10	4.306
Álagning alls	-1.206.613.233	125.715.169	369.469.005	464.603.615	-246.825.444
Fjárhæð endurgr.	-1.394.361.087	-324.821.320	-168.653.561	-117.099.692	-2.004.935.660
Fjárhæð greitt	189.747.854	450.536.489	538.122.566	581.703.307	1.760.110.216
Skattskyld velta alls	1.656.289.667	3.661.442.503	4.374.495.860	4.417.378.368	14.109.606.398
Undanþegin velta alls	101.055.941	253.485.326	342.356.202	359.890.229	1.056.787.698
Heildarvelta alls	1.757.345.608	3.914.927.829	4.716.852.062	4.777.268.597	15.166.394.096
Velta lægra þrep eingöngu	348	207	152	115	822
Velta hærra þrep eingöngu	2.939	1.865	1.277	907	6.988
Undanþegin velta eingöngu	108	51	27	25	211

2013	Fjöldi 0-1 m.kr.	Fjöldi 1-2 m.kr.	Fjöldi 2-3 m.kr.	Fjöldi 3-4 m.kr.	Samtals
Fjöldi	8.849	2.648	1.975	1.458	14.930
Fjöldi endurgr.	2.152	582	444	307	3.485
Fjöldi greitt	2.621	2.046	1.514	1.142	7.323
Fjöldi núll	4.076	20	17	9	4.122
Álagning alls	-1.044.688.962	232.497.676	338.935.691	491.142.760	17.887.165
Fjárhæð endurgr.	-1.229.182.679	-214.222.048	-227.657.359	-122.655.232	-1.793.717.318
Fjárhæð greitt	184.493.717	446.719.724	566.593.050	613.797.992	1.811.604.483
Skattskyld velta alls	1.673.496.454	3.622.188.379	4.517.375.921	4.734.411.994	14.547.472.748
Undanþegin velta alls	107.104.088	298.398.049	382.233.196	367.213.722	1.154.949.055
Heildarvelta alls	1.780.600.542	3.920.586.428	4.899.609.117	5.101.635.716	15.702.431.803
Velta lægra þrep eingöngu	347	187	170	112	816
Velta hærra þrep eingöngu	2.967	1.838	1.307	965	7.077
Undanþegin velta eingöngu	113	59	40	24	236